

**S A M Þ Y K K T I R**

**FYRIR HLUTAFÉLAGIÐ**

**ÍV sjóðir hf.**

**1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR.**

1.1.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er ÍV sjóðir hf.

1.2.

Heimili félagsins er Strandgötu 3, 600 Akureyri.

1.3.

Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Félagið er rekstrarfélag verðbréfasjóðs í skilningi laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

**2. HLUTAFÉ FÉLAGSINS.**

2.1.

Hlutafé félagsins er kr. 16.000.000. – Sextánmilljónir - og skiptist í einnar krónu hluti. Allir hlutir hafa jafnan rétt í félaginu. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

2.2.

Hlutabréf félagsins skulu vera tölusett og hljóða á nafn. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

2.3.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og öðlast eigendaskipti að hlutum ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

2.4

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hafa hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

## 2.5

Við tilkynningu til stjórnar félagsins um eigendaskipti verður framangreindur forkaupsréttur virkur. Stjórn félagsins skal þegar við móttöku tilkynningar um eigendaskipti senda öllum hluthöfum skriflega orðsendingu þar um og taka fram afstöðu stjórnarinnar til forkaupsréttarins liggi hún þegar fyrir. Liggi afstaða stjórnarinnar ekki fyrir við útsendingu orðsendingarinnar skal stjórnin tilkynna forkaupsréttarhöfum um endanlega ákvörðun stjórnarinnar eigi síðar en að liðnum tveimur vikum frá viðtöku tilkynningar um eigendaskipti.

## 2.6

Stjórn félagsins skal hafa tvær vikur til að beita forkaupsrétti félagsins og telst fresturinn byrja að líða þegar stjórn félagsins tekur á móti tilkynningu um eigendaskipti sem tilgreinir verð og greiðsluskilmála. Aðrir forkaupsréttarhafar skulu hafa tveggja vikna frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn byrja að líða þegar stjórn sendir forkaupsréttarhafa tilkynningu samkvæmt grein 2.5. Liggi ekki fyrir upplýsingar um verð og greiðsluskilmála skal stjórn félagsins skora á framseljendur að upplýsa um þau atriði. Berist ekki svar frá framseljendum innan þriggja virkra daga skal kaupverðið ákvarðað af dómkvöddum matsmönnum sbr. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 2/1995, vilji einhver forkaupsréttarhafi neyta forkaupsréttar.

## 2.7

Reikningsgrundvöllur kaupverðs við beitingu forkaupsréttar skal vera hinn sami og gert er ráð fyrir að gildi varðandi hin tilkynntu eigendaskipti en þó skal kaupverð ákveðið af tveimur matsmönnum sbr. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 2/1995 takist forkaupsréttarhafa að sanna að tilgreint kaupverð að teknu tilliti til greiðsluskilmála sé til málamynda eða í verulegu ósamræmi við raunverulegt verðmæti hlutanna. Gangi forkaupsréttarhafi inn í fyrirliggjandi tilboð skulu ákvæði þess gilda um greiðsluskilmála en í öðrum tilvikum skal kaupverð greitt innan mánaðar frá því að kaup voru ákveðin.

## 2.8

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

## 2.9

Óheimilt er að gefa eða veðsetja hluti án samþykkis félagsstjórnar. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

## 3. STJÓRNSKIPULAG OG HLUTHAFAFUNDIR

### 3.1.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

### 3.2.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágústmánaðar ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina viðskiptaráðherra skv. 87. gr. laga um hlutafélög.

### 3.3.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund og aukafund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar breytingar á samþykktum félagsins skal geta meginefnis tillögu í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

### 3.4.

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Mál, sem ekki eru sérstaklega greind í dagskrá aðalfundar eða annarra hluthafafunda, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins.

### 3.5.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu ári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda skal lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

### 3.6.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

## 4. STJÓRN FÉLAGSINS OG FRAMKVÆMDASTJÓRI

### 4.1.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir tveggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

### 4.2.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnarmanna mætir.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

### 4.3.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## 5. REIKNINGSHALD OG ENDURSKOÐUN

### 5.1.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

### 5.2.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert og hann þá lagður fyrir endurskoðanda.

## 6. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

### 6.1.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum hluthafafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum.

### 6.2.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að slík ákvörðun sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

## 7. ÝMIS ÁKVÆÐI

### 7.1.

Þar sem ákvæði samþykktu þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

### 7.2.

ÍV sjóðir hf. innleysir að kröfu þeirra sem eiga hlutdeild í einstökum sjóðsdeildum miðað við daglegt gengi. Þó er heimilt að fresta innlausn en frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og annarra staðfestinga á tilkalli til verðbréfaeignar og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir þeirra sem eiga tilkall til verðbréfaeignar krefjist þess. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem verðbréfasjóðurinn hefur verið markaðssettur. Jafnframt skal frestun auglýst.

Samþykktir þessar voru staðfestar á fundi þann 15. desember 2003.

Samþykktum þessum var breytt er varðar nafn félagsins á fundi þann 25. júlí 2005.

Samþykktum þessum var breytt varðandi fjölda varamanna í stjórn á fundi þann 9. júlí 2013.

Samþykktum þessum var breytt varðandi nafn félagsins á fundi þann 30. apríl 2015.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða IV hf.  
Kt. 491001-2080  
Strandgötu 3, 100 Akureyri